

## Sveitarstjóri Dalabyggð

---

**From:** Ómar - Hrafnshóll <omar@hrafnsholl.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 15. janúar 2020 15:44  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð  
**Cc:** Einar Jón Geirsson; skuligudbjornsson@gmail.com; grettir@strandabyggd.is; Kristján Ingi Arnarsson; Sigurdur Gardarsson  
**Subject:** Erindi: Lóðarleigusamningur á Bakkahvamm 8 (Hrafnshóll og Nýjatún)

Góðan daginn,

Hrafnshóll ehf (540217-1300) fer fram á það við Dalabyggð, að fá heimild til að framselja lóðarréttindi á tveimur íbúðum/fastanúmerum við Bakkahvamm 8d og 8e, til Nýjatúns ehf. (kt. 470219-1220) :

F2508240 Bakkahvammur 8d

F2508241 Bakkahvammur 8e

Í lóðarleigusamningi Hrafnshóls ehf. frá 17. desember 2019 um Bakkahvamm 8a-e, kemur fram (í 9. grein) að framsal lóðarréttinda er óheimilt nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar. Hér með er óskað eftir slíku leyfi, og að sveitarstjórnarfundur þann 16. janúar 2020 fjalli um málið.

Eins og flestum er kunnugt er Nýjatún ehf. óhagnaðarrekið leigufélag í eigu Hrafnshóls ehf. Þessi gjörningur er nauðsynlegur til að Nýjatún geti sótt sér fjármögnun vegna þessarar framkvæmdar hjá HMS (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun). Til að það geti gengið eftir verður lóðin að þessum hluta að vera á nafni Nýjatúns ehf. þegar við upphaf framkvæmda.

Bestu kveðjur,

Ómar Guðmundsson  
gsm 696 3559

[omar@hrafnsholl.is](mailto:omar@hrafnsholl.is)

**HRAFNSHÓLL ehf.**

Sundaborg 5, 104 Reykjavík

s. 537-9500